



### Á döfinni

- 15. og 16. okt. – Vetrarfrí
- 21. okt. – Opið hús hjá 6.-10. b.
- 30. okt. – Næsta fréttabréf

### Pistill skólastjóra

Við stefnum á að gefa út fréttablað u.þ.b. einu sinni í mánuði til að færa ykkur fréttir af skólastarfinu. Einnig ætlum við að búa til myndbönd a.m.k. einu sinni í mánuði en oftar ef eitthvað sérstakt er í gangi eins og danskennslan.

Skólastarfið fór vel af stað í haust. Það er mjög einkennilegt og leiðinlegt að geta ekki tekið á móti foreldrum í skólann og virðist sem það verði þannig eitthvað áfram. Við takmörkum allar gestakomur eins og hægt er og förum eftir þeim fyrirmælum sem við fáum frá yfirvöldum. Við hvetjum alla til að fara varlega og gæta að sóttvörnum svo koma megí í veg fyrir smit í samfélaginu okkar.

Við þurfum að fresta árhátíðinni fram á næsta ár vegna fjöldatakmarkana á samkomum. Vonandi tekst að halda hana þá með sama sniði og áður.

Miklar breytingar hafa orðið á kennslufyrirkomulagi í skólanum á þessu hausti, sérstaklega á mið- og unglíngastigi með samþættingu námsgreina og hæfnimiðuðu námi. Það eru allir að leggja sig fram um að bæta og laga skólastarfið, bæði starfsmenn og nemendur.

Fyrri foreldraviðtölum skólaársins er lokið og gengu þau vel þrátt fyrir takmörkunum á komu foreldra í skólann. Flest þeirra voru tekin rafrænt.

Nú er framkvæmdum lokið við þak skólans. Skipt var um það sem þurfti og sett nýtt járn á þakið og þakskyggni. Ekki reyndist vera mygla í gamla þakinu og er það mjög gleðilegt. Vatnið sem komst inn á þakið fann alltaf leiðir út sem olli lekanum öll þessi ár. Framkvæmdum við göngustíg að skólanum er ekki lokið. Það á eftir að malbika og ganga frá svæðinu en það á að gerast á næstu dögum.

### Grænfáninn

Verkefnið hjá okkur í vetur verður að sækja um endurnýjun á grænfánum. Til þess að geta sótt um þá þurfum við að fara í gegnum skrefin 7 og munum við reyna að klára þá vinnu fyrir jól, svo að við getum sótt um eftir áramót og fengið úttekt í vor.

Við erum alltaf að reyna að bæta okkur í að flokka rusl og reyna að sjá hvað við gætum gert betur í þeim málum.

Hvetjum ykkur til að hafa samband ef eitthvað er bæði jákvætt og neikvætt.

### Heilsueflandi grunnskóli

Á hverju skólaári er ákveðið þema sem tekið er fyrir ár hvert og þetta árið er það Lífsleikni. Farið verður yfir gátlista þar sem stýrihópurinn ákveður hvernig skólinn er að standa sig og vinnur svo að úrbótum í framhaldinu ef þarf. Fyrst erum við að skoða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum og tóbaki

Við tókum þátt í Ólympíuhlaupinu 28. sept. og stóðu nemendur sig vel, þau hlupu samtals 155 km.

## 1. – 3. bekkur

Haustið hefur farið í það hjá okkur að venjast ýmsum breytingum. Við í 1. bekk erum að læra hvernig það er að sitja á skólabeck. Við í 2. og 3. bekkur erum að venjast því að hafa marga mismunandi kennara.

Núna í október höfum við verið í danskennslu, það hefur verið mjög skemmtilegt en þetta reynir á. Það er mjög gaman þegar við dönsu öll saman. Okkur þykir leiðinlegt að fjölskyldur okkar geti ekki komið að séð okkur dansa.

## Jákvæður agi

Í október ætlum við að vinna með gagnkvæma virðingu.

Gagnkvæm virðing er grundvöllur allra samskipta og það er mjög mikilvægt að allir skilji að gagnkvæm virðing samanstendur af virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Í verkefnunum með nemendum munum við líka leggja áherslu á sjálfsvirðingu sem er ekki síður mikilvæg svo þau geti staðið með sjálfum sér og eigin gildum.



## Hlustaðu



### Börn hlusta þegar búið er að hlusta á þau.

1. Taktu eftir hversu oft þú grípur frammí, útskýrir, verð afstöðu þína, eða skipar fyrir þegar barnið þitt er að reyna að tala við þig.
2. Stoppaðu og HLUSTAÐU. Það er í lagi að skjóta inn athugasemdum eins og "geturðu gefið mér dæmi?" eða "er það eitthvað meira/annað sem þú vilt segja mér frá?"
3. Þegar barnið er búið að segja það sem það vildi þá skaltu spyrja hvort það sé tilbúið að hlusta á þig.
4. Eftir þetta skuluð þið einbeita ykkur að lausn sem virkar fyrir ykkur bæði.

## 7. – 10. bekkur

Nú í haust höfum við verið að venjast nýjum kennsluáttum bæði nemendur og kennarar. Í því felst að nemendur vinna heildstæð verkefni sem hafa snertifleti við tvær eða fleiri námsgreinar. Nemendur eru þá ekki í hefðbundinni bekkjarkennslu heldur vinna fjölbreytt rauntengd verkefni ýmist ein, í pörum eða hópum.

Einnig hafa þau farið þrisvar í náttúru meðferð, sem Dagný Linda iðjuþjálfari og Haukur sálfræðingur hafa séð um. Þetta er á vegum Sjálfræðipjónustu Norðurlands og er partur af hamingjuverkefni sveitarinnar. Nemendur leita inn á við og finna ró í náttúrunni. Þetta er liður í að bæta líðan þeirra.

## 4. – 6. bekkur

Nemendur 4. – 6. bekkjar hafa tekið breyttum kennsluáttum vel og hefur starfið gengið mjög vel. Stundataflan hefur verið með öðrum hætti en áður og er ég mjög ánægð með hvað það virðist trufla nemendur lítið, gerði það reyndar aðeins í byrjun en ekki svo mikið núna. Það sem af er liðið skólaári höfum við verið að vinna með íslensku og landafræði hjá öllum (4. – 6.) og trúarbragðafræði og ensku hjá 5. og 6. bekk. Bráðlega munum við fara í stærra verkefni sem verður samþætting nokkurra námsgreina.